

17. maí 1969.

229

Nr. 23.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

#### 2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

#### 3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

#### 4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

#### 5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1 600 þús.

#### 6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka í Danmörku lán að fjárhæð allt að 1 millj. danskra kr. til endurbóta á húsi Jóns Sigurðssonar.

#### 7. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

## 8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskirteinalánnum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi .....	24.3
Boranir við Námafjall .....	30.4
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði .....	9.3
Rafmagnsveitur ríkisins .....	42.0
Framkvæmdir á Keldnaholti .....	13.4
Landshafnir .....	5.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	43.5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík) .....	29.6
Reykjanesbraut í Breiðholti .....	2.8
Keflavíkurlflugvöllur .....	3.9
Menntaskólinn við Hamrahlíð .....	10.0
Lögreglustöð í Reykjavík .....	7.0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu .....	3.0

---

Samtals 225.0

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Magnús Jónsson.

## L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist þannig:

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Vikja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kaupúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.